

Notkun á brennanlegri röraeinangrun

Í grein 195.7 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 segir:

„Um brennanlega röraeinangrun gilda leiðbeiningar Brunamálastofnunar“

Flokkun röraeinangrunar skal vera eftir ÍST EN 13501-1.

Almennt gildir að röraeinangrun skal vera úr óbrennanlegum efnum, A_{2L}-s1,d0.

Ef einungis er um að ræða rör með litlu yfirborði, sem hefur ekki teljandi áhrif á brunahættu í rýminu, þá má nota röraeinangrun sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- B_L-s1,d0 þegar yfirborð í næsta nágrenni uppfyllir kröfuna B-s1,d0 (klæðing í flokki 1)
- D_L-s3, d0 þegar yfirborð í næsta nágrenni uppfyllir kröfuna D-s2,d0 (klæðning í flokki 2)

Röraeinangrun sem nær ekki flokki D_L-s3, d0 má ekki nota óvarða í byggingum heldur skal verja með klæðingu í flokki 1 eða 2 eftir aðstæðum.

Yfir niðurhengdum loftum skal að jafnaði nota einangrun í flokki B_L-s1, d0.

Þar sem rörin liggja milli brunahólfa (a.m.k EI 60) skal þess sérstaklega gætt að þau rýri ekki brunamótstöðu skilana. Nota skal viðurkenndar þéttiaðferðir til brunapéttinga.

Ekki skal nota brennanlega röraeinangrun í sjúkrahúsum, sjúkraheimilum, dvalarheimilum aldraðra, hótelum, skólum eða samsvarandi byggingum.